

## Fundargerð Háskólaráðsfundar 20. júní 2012

### Kl. 14.00 – 16.00 í Guðmundarstofu

Mætt: Bryndís Hlökkversdóttir, María Einarsdóttir, Brynjólfur Magnússon, Stefán Sveinbjörnsson, Þórir Páll Guðjónsson, Hallur Jónasson og Guðmundur Ólafsson

Fjarverandi: Snæfríður Baldvinsdóttir, Sædis Alexía Sigurmundsdóttir, Elísabet Guðrúnardóttir, Alma Jónsdóttir, Jón Ólafsson, Jón Ingi Smáráson og Ingibjörg Guðmundsdóttir.

#### 1. Fundargerð síðasta fundar nr. 134

- a. Fundargerð síðasta fundar samþykkt

#### 2. Kennslumat vorannar 2012

- a. Kennslumat vorannar var lagt fram til kynningar

#### 3. Umsóknir og inntaka haust 2012

- a. Rektor fór yfir umsóknarstöðuna og í heildina er fjöldi umsókna svipaður og í fyrra. Umsóknir í grunnnám aukast um 23% milli ára og um 37% ef tímabilið 2010-2012 er skoðað. Umsóknafjöldi í fjarnám í HHS er góður og mun námið fara af stað í haust. Tekið er á móti umsóknum í fjarnám í grunnnámi fram að skólabyrjun í haust.

#### 4. Móttaka nýnema á haustönn 2012 og upphaf næsta skólaárs

- a. Framkvæmdastjórn hefur verið að skipuleggja móttöku nýnema í haust dagana 30. og 31. ágúst. Fyrri daginn verður innanhúss kynning og kennt á kennslukerfið og tæknileg atriði ásamt kynningu á þjónustu og skipulagi skólans. Nemendur munu kynna félagsstarf innan skólans. Seinni dagurinn er helgaður samhringingi og sameiginlegum kvöldverði um kvöldið.

#### 5. Árlegur fundur með fulltrúa úr gæðaráði háskólanna

Gæðastjóri ræddi um árlegan fund með fulltrúa úr gæðaráði háskólanna sem var haldinn á Bifröst þann 31. mars síðastliðinn. Tove Bull kom á Bifröst með Magnúsi Lyngdal og átti fund með Jóni Ólafssyni, aðstoðarrektori sem einnig var í hlutverki rektors á fundinum, Jóni Frey Jóhannssyni, formanni gæðaráðs, Berglindi Ósk Gísladóttur, fulltrúa nemenda, Ingibjörgu Guðmundsdóttur, framkvæmdastjóra kennslu- og þjónustu og Signýju Óskarsdóttur, gæðastjóra.

Fundurinn var óformlegur og engin fundargerð rituð en dagskrá fundarins er gæðaráði kunn. Jón Ólafsson fór yfir breytingar á skipulagi og stjórnsýslu skólans síðastliðið haust og ræddi kosti og galla breytinganna ásamt því að greina frá auknum áherslum í gæðastarfi.

Signý Óskarsdóttir fór yfir breytingar á gæðaskjölum, þróun gæðastefnu og nauðsyn þess að efla gæðakerfið með tilliti til QEF og hvernig það er hugsað. Berglind Ósk Gísladóttir tók þátt í umræðum ásamt Jóni Frey og Ingibjörgu Guðmundsdóttur.

Fundurinn tókst vel og vinnan sem lögð var í kynningar og umræður mun nýtast vel í framhaldinu.

## 6. Starfsmannamál á kaffihúsi og húsnæðissviði

- a. Breytingar eru á mannafla á kaffihúsi og húsnæðissviði, fimm starfsmenn eru að hætta eftir farsæl störf í mörg ár. Búið er að manna kaffihúsið og auglýst verður eftir starfskröftum á húsnæðissvið. Einn starfsmaður á skrifstofu rektors mun hætta í sumar og einhverjar mannaráðningar verða með haustinu.

## 7. Sumarönn – meistaranám

- a. Umsjónarmaður meistaranáms kom á fundinn undir þessum lið og gerði grein fyrir umsóknarstöðu í meistaranáminu og skipulagi sumarannar. Skipulagið gerir ráð fyrir ýmiskonar afþreyingu í bland við krefjandi nám. Áfram á að nýta jógasetrið og hugleiðslustundir ásamt því að skipuleggja tónleika og fleira skemmtilegt.

## 8. Fundarplan háskólaráðs haustannar 2012

- a. Lögð fram tillaga að fundarplani engar athugasemdir gerðar og fyrsti fundur háskólaráðs eftir sumarfrí er dagsettur 29. ágúst.

## 9. Erindi til háskólaráðs

- a. Þann 29. maí 2012 barst Háskólaráði erindi frá nemanda sem vildi kæra niðurstöðu fagráðs frá 14. maí 2012 vegna erindis sem nemandinn hafði áður sent fagráði. Málið snerist um fall nemandans í tilteknu námskeiði, sem hafði farið í kærufarli og fallið verið staðfest af utanaðkomandi prófdómara. Nemandinn taldi það að einkunn var birt nokkrum dögum eftir þær tvær vikur sem vinnureglur skólans gera ráð fyrir að kennari hafi til að fara yfir próf, hafi skapað honum réttmætar væntingar um að hafa náð prófinu og þar með sé birting einkunnar sem feli í sér fall, íþyngjandi ákvörðun fyrir hann sem sé ólöglegt af hálfu skólans og krefst nemandinn þess að fá að hafa lokið áfanganum sökum þessa.

Svar fagráðs var eftirfarandi:

*„Hvergi í reglugerð skólans eru tilgreindir frestir kennara til að skila einkunnum til nemenda. Í gæðahandbók skólans, í fylgiskjali þar sem fjallað er um prófareglur fyrir kennara og prófstjóra (F250), kemur þó fram að lokafrestur kennara til að skila inn einkunn til skrifstofu sé 2 vikum eftir próf. Þetta er vinnuregla sem skólinn leggur áherslu á að kennarar virði. Fari kennarar verulega fram úr þessum fresti getur það gefið tilefni til að áminna kennara en veitir viðkomandi nemendum engan aukarétt varðandi námsmat. Eina leiðin til að standast námskeið og fá einingar fyrir er ef nemandi hefur tileinkað sér námsefnið nægjanlega vel, að mati kennara, að hann hljóti lagmarks einkunn fyrir. Það hvenær einkunn er skilað inn breytir engu í þeim efnum.“*

*Prófdómari hefur staðfest einkunn í námskeiðinu og meðferð kærunnar var í samræmi við 31.gr. reglugerðar skólans.*

Háskólaráð er sammála þeim sjónarmiðum sem koma fram í svari fagráðs. Háskólaráð staðfestir því niðurstöðu fagráðs.

## 10. Önnur mál

### a. Aðalfundur og ársfundur

Rektor fór yfir fundargerðir aðalfundar og ársfundar sem báðir voru haldnir 30. maí síðastliðinn. Aðalfundur er jafnframt fundur fulltrúaráðs sog var haldinn í fyrsta skipti þennan dag strax á eftir ársfundi skólans. Fundargerðir voru sendar á stjórn og fulltrúaráð skólans. Háskólaráð ákvað að fundargerðirnar yrðu birtar á heimasíðu skólans.

### b. Fyrirspurn um Hótel Bifröst og tengingar þess við ferðaþjónustuaðila. Búið er að setja upp heimasíðu og gera kynningabækling. Rætt um að skoða strax í sumar hvernig hægt er að efla markaðsmálin og tengingar við ferðaskrifstofur. Unnið er að því að merkja skólann og hótelið betur við innkeyrsluna af Þjóðveginum. Rætt um aðbúnað fyrir ferðamenn og opnunartíma þjónustu á svæðinu.

### c. Fyrirspurn um munnleg próf.

Spurt var hvort ekki ætti að taka upp munnleg próf. Kennarar geta tekið upp munnleg próf en sú krafa er ekki gerð af hálfu skólans því prófdómari er alltaf til staðar munnlegum prófum.

### d. Sumarhátíð Bifrastar

Sumarhátíð Bifrastar tókst vel og lauk hátíðinni kl. 10.00 á þriðjudagskvöldi. Hátíðin var vel skipulögð og fjölskylduvæn. Vel var gengið frá eftir hátíðina og allt til fyrirmyndar.

Fundi slitið 15.30

Fundarritari Signý Óskarsdóttir